



Fundargerð nr. 20 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Miðvikudagur 27. mars 2024
Fundartími:	8:15-10:00
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Verkefni ráðgjafa í vatnsveitumálum

Börkur mun hitta verktaka í vatnsveitu og fara yfir helstu áherslur og þarfir varðandi viðhald á vatnsveitunni á komandi mánuðum og koma með upplýsingar inn á næsta fund nefndarinnar.

Handbók og innra eftirlit fyrir vatnsveitu er í vinnslu og mun hann setja kraft í að klára það á næstu dögum. Mikilvægt að ljúka þessu verkefni sem fyrst.

Rætt um hvort hægt verði að skrá inn bilanir og viðgerðir í vatnsveitunni í kortagruninn. Nefndin telur kost að hægt sé að kalla fram bilanir og tölulegar upplýsingar úr kortagrunni vatnsveitu þannig að allar upplýsingar séu á einum stað.

Ástæða vatnsleysis í Hnausi þann 15. febrúar hefur ekki fundist. Ekki var um að ræða rafmagnsleysi, framkvæmdir á vegum verktaka eða bilanir á kerfi hjá Selfossveitum. Í ljós kom þó að smávægileg vinna við að klára teningar í Ruddakróki eru eftir. Nefndin leggur áherslu á að það verk verði klárað hið fyrsta. Börkur fylgir því eftir við verktaka.

Líkt og kom fram í síðustu fundargerð þá mun Börkur kanna kostnað við að útbúa dæluskúra þannig að hægt sé að tengja færanlegt varaafli við þær í langtíma rafmagnsleysi.

Farið aðeins yfir kostnaðarhlutdeild Flóahrepps vegna nýrrar Ölfusárbrúar skv. kostnaðaráætlunum. Stærsti hluti kostnaðar sem fellur á Flóahrepp vegna tilfærslu á vatnslögn kemur á árinu 2026 en mögulega eitthvað á árinu 2025. Börkur mun senda athugasemdir á Vegagerðina varðandi það sem kemur fram í greinargerð með framkvæmdinni en þar vantar að það komi fram að það þurfi að verja lögnina.

Nefndin leggur áherslu á að í lok ársins 2024 skili Börkur inn skýrslu um þau verkefni sem voru unnin á árinu þannig að skýrt sé hvað hefur áunnist og hvernig framgangur verkefna er. Að auki sendir hann skýrslu á þriggja mánaða fresti á sveitarstjóra til upplýsinga.



2. Hugmyndir um breytingar á Þingborg

Sveitarstjórn tók jákvætt í að skoða möguleika á breytingum á Þingborg til að auka notagildi hússins fyrir lögbundna starfsemi sveitarfélagsins. Framkvæmda- og veitunefnd var falið að skoða málið áfram m.t.t. möguleika og kostnaðar á hugsanlegum breytingum svo sem stækkun á gólfleti á sal, nýju íþróttagólfi og annað sem gæti aukið notagildi hússins.

Framkvæmda- og veitunefnd rýndi í teikningar af Þingborg og einnig var farið í skoðunarferð um húsið. Að mati nefndarinnar er raunhæft að fara í þessar breytingar og er lagt til við fenginn verði aðili til að skoða betur burðarþol í þaki m.t.t. breytinga í kringum svið. Í kjölfarið væru fengin tilboð og gerð kostnaðaráætlun sem fæli í sér breytingar á burðarþoli ásamt á niðurbroti á veggjum og nýju íþróttagólfi.

Nefndin ræddi einnig um hugsanlegar breytingar í anddyri til að auka notagildi hússins.

Börkur mun tala við burðarþolssérfræðing til að kanna þá möguleikana sem eru í boði og málið verður svo skoðað frekar út frá þeim niðurstöðum.

3. Önnur mál

- a) Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála vegna framkvæmda við innanhúss í Flóaskóla. Búið er að fá verktaka og munu Brynjar Jón umsjónarmaður fasteigna og Börkur sem verður byggingarstjóri á framkvæmdunum hitta verktaka á næstu dögum og fara yfir nokkra verkþætti.
- b) Sveitarstjórn samþykkti á síðasta fundi sínum að velja þá leið að fara í loft í loft varmadælur í Félagslund og hafa þær verið pantaðar og verða settar upp við fyrsta tækifæri.
- c) Sveitarstjórn er að skoða notkun og rekstur í Þingborg og Félagslund í þeim tilgangi að skilgreina og taka ákvörðun um hlutverk og framtíðarnotkun húsanna. Á síðasta fundi sveitarstjórnar var ákveðið að afla frekari gagna um notkun, kostnað, framkvæmda- og viðhaldsþörf og mun sú greining ná yfir Þingborg og Félagslund og að auki fasteignina Gömlu Þingborg. Frekari ákvarðanir um hlutverk og framtíðarnotkun þessara fasteigna munu byggja á þeirri greiningu.
- d) Rætt um uppbyggingu í Huldu- og Maríuhólum. Sveitarstjóri mun funda með framkvæmdaaðilum og eigendum á næstu vikum. Lögð er áhersla á að sveitarfélagið innheimti tengigjöld fyrir ákveðið margar lóðir fyrir fram. Börkur mun vinna að þessu máli með sveitarfélaginu.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður miðvikudaginn 17. apríl kl. 8:15 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra